

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórn Matthías Johannessen,
Styrmir Gunnarsson.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson,
Björn Jóhannsson.
Fréttastjórn Freysteinn Jóhannsson,
Magnús Finnsson,
Sigtryggur Sigtryggsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Skeifunni 19, sími 83033. Askriftargjald 130 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 10 kr. eintakið.

„Þetta skeður aldrei hér“

Róttækir sósíalistar blása gjarnan í glæður friðarhefinga á Vesturlöndum, einkum þeirra, sem leggja áherzlu á einhliða afvopnum Vesturveldanna, meðan vígvél Austurblokkarinnar herðir róðurinn. Öðru máli gegnir í Sovétríkjunum og leppríkjum þeirra í A-Evrópu. Þar mæta friðarhefingar harðneskju, sem yfiringur skilning Vesturlandabúa.

Sergei Batovrin, einn af frumkvöðlum friðarhefingar í Sovétríkjunum, var lokaður inni á gedveikrahæli 2. ágúst sl. Á segulbandsspólu, sem tekist hefur að smygla út af hælínu, lýsir hann því, hvern veg smám saman er verið að brjóta niður dómgreind hans og hugmyndaheim með lyfjagjöfum og öðrum heilapvottaraðgerðum. „Um það leyti,“ segir hann á segulbandsspólunni, „sem þið heyrðið þessi orð mín, kann ég að vera búinn að missa vitið.“

Vesturlandafólk, sem býr við skoðana— og tjáningarfrelsi, gerir sér oft ekki grein fyrir því, að mikill meirihluti þjóða og mannkyns býr ekki að slíkum grundvallar mannréttindum. Það leiðir og of sjaldan hugann að því, að þessi réttur, og önnur mannréttindi, eru verð verndar og varnar.

Hér á landi viðurkenna pólitískir andstæðingar skýlausan rétt hvers annars til gagnstæðra skoðana, sem almenningur vegur og metur og tekur afstöðu til í frjálsum og leynilegum kosningum til sveitarstjórna og þjóðþings. Í ríkjum sósíalismans er aðeins einn skoðanalegur farvegur, farvegur valdhafanna, sem ráða ríkjum í skjóli hervalds og alræðis eins flokks. Frumkvöðull friðarhefingar, sem ekki nýtur náðar valdhafa, er einfaldlega lokaður inni á gedveikrahæli, þar sem hann sætir andlegum misþyrmingum.

Þeir voru margir sem héldu því fram á fjórða áratugnum, að skert mannréttindi í þriðja ríkinu og vígbúnaður þess kæmu þeim ekki við. „Þetta skeður aldrei hér“ var viðkvæðið. En „það skeði“ víða, m.a. í Danmörku og Noregi. Við lá að lýðræðið í veröldinni væri þurrkað út, vegna óraunhæfs mats á vígbúnaði einræðisafla — og værukærðar.

Hlutskipti Sergei Batovrin, talsmanns friðarhefingarinnar í Sovétríkjunum, er að vísu ekki hlutskipti þitt eða nágranna þíns í dag. En það er skylda þín við sjálfan þig, börn þín og framtíð, að treysta hvers konar fyrirbyggjandi varnir í þágu lýðræðis, þingræðis og mannréttinda.

Kommúnisminn blómstrar í Póllandi

Pólskur almenningur efndi til friðsamlegra mótmæla víða um Pólland í fyrradag, einkum í Varsjár, Wrocław, Kraká og Gdansk, á 2ja ára afmæli Samstöðu, gegn herlögum og starfsbanni verkalýðsfélaga. Mótmælendur mynduðu krossa úr blómum, kveiktu á kertum og kröfðust frelslis til handa Walesa og fleirum fangelsuðum forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar.

Valdhafar beittu her og sérþjálfuðum lögreglusveitum, sem réðust að fólkinu með kylfur að vopni, tárassprengjur og þrýstivatnsbyssur. Herbílar óku um götur og þyrur sveimuðu yfir borgarhverfum til að leiðbeina hermönnum. Að minnsta kosti 2 mótmælendur voru skotnir, en fréttir af atburðum eru ekki tæmandi. Þegar húmaði að kveldi lá blár tárasmökkurinn yfir mörgum hverfum Varsjár, höfuðborgar Póllands, og annarra stærri borga þar sem átökin voru hörðust.

Kommúnistar tala gjarnan um sjálfa sig sem málsvara sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis. Komnir í valdastóla kasta þeir grímuni. Það er verkalýðshreyfingin og þjóðfrelsið sem eru undir flokkshælum í Póllandi. Það eru herlög en ekki þegnréttindi sem einkenna þjóðfélagið, skortur á nauðsynjum og fótum troðin mannréttindi.



Sjálfsmynd Thorvaldsens fyrir framan Kjarvalsstaði, þar sem sýning á verkum hans mun standa í tvo mánuði.

Yfirlitssýning á verkum Thorvaldsens á Kjarvalsstöðum:

Fyrsta sýning utan Danme 134ra ára sögu Thorvaldse

Yfirlitssýning á verkum Bertels Thorvaldsens verður opnuð á morgun, föstudag, á Kjarvalsstöðum. Sýningin kemur frá Thorvaldsenssafni í Kaupmannahöfn, og er þetta í fyrsta sinn í 134ra ára sögu safnsins, sem gengist er fyrir sýningu á verkum listamannsins á erlendri grund. Jafnframt er þetta í fyrsta skipti, sem sýning á verkum Thorvaldsens er haldin hér á landi, en hann var sem kunnugt er íslenskur í föðurætt.


Margir hafa lagt hönd á plóginn til að sýningin gæti orðið að veruleika og að þeim viðburði í listalífi hér á landi, sem efni standa til. Hugmyndina að sýningunni átti sendiherra Dana á Íslandi, Janus Paludan, mikill aðdáandi Thorvaldsens, en af hálfu Thorvaldsenssafns hefur frú Dyveke Helsted forstöðumaður safnsins og Sören Sass arkitekt, ásamt safnvörðunum Evu Hennen, Bjarne Jörnæs og Sören Rasmussen unnið við uppsetningu og skipulagningu sýningarinnar. Af hálfu Íslendinga hafa unnið að sýningunni Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur og Stefán Halldórsson ásamt Þóru Kristjánsdóttur listráðunaut og fjölda íslenskra iðnaðarmanna frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Auk Sambandsins hafa eftirtalin íslensk fyrirtæki og stofnanir styrkt sýninguna: Seðlabankinn, menntamálaráðuneytið, Eimskip, Flugleiðir, Hótel Holt og Kjarvalsstaðir. Þá styrkir Menningarsjóður Norðurlanda sýninguna, og eftirtaldir sjóðir og stofnanir í Danmörku: Dronning Margrethe og Prins Henriks Fond, Kong Frederik og Dronning Ingrid's Fond, danska utanríkisráðuneytið, danska menningarmálaráðuneytið, Köbenhavns Kulturfond, Sjóður dansk-íslenskrar samvinnu, Konsul George Jorck og hustru

Emma Jorcks Fond, Accumulator Fabrikken LYAC og Thorvaldsenssafn.

Heiðursýningarnefnd skipa þau Ingvar Gíslason menntamálaráðherra, Lise Østergaard menningarmálaráðherra, Einar Ágústsson sendiherra, J.A.W. Paludan sendiherra, Einar Hákonarson formaður stjórnar Kjarvalsstaða, Bent Nebelong formaður stjórnar Thorvaldsenssafns, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Else Kai Sass prófessor og Bent A. Koch formaður Sjóðs dansk-íslenskrar samvinnu.

Sérstakir verndarar sýningarinnar eru hennar hátign Ingiríður drottning og dr. Kristján Eldjárn fyrrum forseti Íslands. Við opnun sýningarinnar sem verður með viðhöfn á morgun klukkan 17, munu Einar Hákonarson og Bent Nebelong, sem auk þess að vera stjórnarformaður Thorvaldsenssafns er borgarstjóri í Kaupmannahöfn, flytja ávörp. Síðan mun frú Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands opna sýninguna. Sýningin, sem er sem fyrr segir haldin á Kjarvalsstöðum, stendur í tvo mánuði, til októberloka og er aðgangur ókeypis. Forstöðumaður Kjarvalsstaða er Alfréð Guðmundsson.

AH



Unnið af kappi við uppsetningu Thorvaldsenssýningarinnar. Miklar breytingar hafa verið gerðar á húsnæði.

Í tilefni Thorvaldsenssýningarinnar á Kjarvalsstöðum hefur verið gerð afar veggleg sýningarskrá, bók um Bertel Thorvaldsen og verk hans, um 140 bládsíður í stóru broti, þrýdd fjölda mynda. Skráin er gefin út af Thorvaldsenssafni í Kaupmannahöfn, og er hún seld við vægu verði á Kjarvalsstöðum, en aðgangur að sýningunni er ókeypis. Skráin eða bókinn nefnist „Bertel Thorvaldsen 1770—1844“.

Höfundar efnis í bókinni eru dr. Kristján Eldjárn, Dyveke Helsted, Eva Hensen og Bjarne Jörnæs. Íslensku þýðinguna gerði Júlíana Gottskálksdóttir. Formála rita Einar Hákonarson og Bent Nebelong.

Efni bókarinnar er annars eftirfar-